

**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**

**14 216**

**Ársreikningur 2022**

## Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Starfspáttayfirlit .....	6
Skýringar .....	7

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum  
kt. 710269-3789  
Þingvöllum, 801 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérлага

Þingvellir við Öxará og grenndin þar skal vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga sem þjóðgarður. Þjóðgarðurinn er undir stjórn Þingvallanefndar. Land þjóðgarðsins er friðað í því skyni að varðveita ásynd þess sem helgistaðar þjóðarinnar og til að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari. Almennungur á kost á að njóta svæðisins samkvæmt þeim reglum sem Þingvallanefnd setur.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfspáttayfirliti.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 723,3 milljónir og afkoma kr. 63,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 46,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.587,4 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu þjóðgarðsins á Þingvöllum í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning þjóðgarðsins á Þingvöllum fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Einar Á. E. Sæmundsen,  
forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	137.900.000	145.100.000
Aðrar tekjur .....		12.626.033	11.339.959
Seld þjónusta .....	3	296.286.582	147.216.965
Vörusala .....		2.935.309	11.689.334
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	133.831.213	32.039.535
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	139.674.874	127.309.253
<b>Tekjur samtals</b>		<b>723.254.011</b>	<b>474.695.046</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	231.293.011	163.317.235
Annar rekstrarkostnaður .....	6	289.988.886	136.561.278
Afskriftir .....	7	139.674.874	127.309.253
<b>Gjöld samtals</b>		<b>660.956.771</b>	<b>427.187.766</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>62.297.240</b>	<b>47.507.280</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		790.430	32.020
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(54.298)	(19.645)
		736.132	12.375
<b>Afkoma ársins</b>		<b>63.033.372</b>	<b>47.519.655</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....	8	<u>141.819.244</u>	<u>215.811.891</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		17.087.209	20.735.443
Farartæki og vélar .....		4.505.936	264.787
Fasteignir .....		935.763.579	709.290.243
Aðrar eignir .....		253.593.413	273.814.999
Verk í vinnslu, fasteignir .....		<u>13.204.628</u>	<u>246.162.682</u>
		<u>1.224.154.765</u>	<u>1.250.268.154</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>1.365.974.009</u>	<u>1.466.080.045</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		5.772.651	8.489.695
Viðskiptakröfur .....		38.481.160	19.115.570
Tengdir aðilar .....	10	154.103.542	110.784.597
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	3.365.671	5.073.777
Handbært fé .....	12	<u>19.741.028</u>	<u>4.407.395</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>221.464.052</u>	<u>147.871.034</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.587.438.061</u>	<u>1.613.951.079</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	13		
Hrein eign .....		<u>46.861.939</u>	<u>(7.981.504)</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>46.861.939</u>	<u>(7.981.504)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	5.656.499	1.313.036
Viðskiptaskuldir .....		30.395.120	20.513.917
Ýmsar skammtímaskuldir .....	14	16.451.818	14.860.273
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	15	<u>1.488.072.685</u>	<u>1.585.245.357</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>1.540.576.122</u>	<u>1.621.932.583</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.587.438.061</u>	<u>1.613.951.079</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		63.033.372	47.519.655
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	139.674.874	127.309.253
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(139.674.874)	(127.309.253)
		<u>63.033.372</u>	<u>47.519.655</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(17.657.484)	(13.983.090)
Tengdir aðilar .....		(44.232.047)	(96.981.359)
Birgðir .....		2.717.044	7.432.411
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<u>11.472.748</u>	<u>8.346.712</u>
		(47.699.739)	(95.185.326)
		<u>15.333.633</u>	<u>(47.665.671)</u>
		<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>(47.665.671)</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(272.526.892)	(37.463.574)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu .....		232.958.054	(20.091.200)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	1.137.097
		<u>(39.568.838)</u>	<u>(56.417.677)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		39.666.636	0
Gjafaframlög til fjárfestinga .....		(97.798)	101.519.000
		<u>39.568.838</u>	<u>101.519.000</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		15.333.633	(2.564.348)
		<u>4.407.395</u>	<u>6.971.743</u>
		<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>4.407.395</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2022, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Þjóðgarðurinn á		Samtals 2022
	Þingvöllum	Nýframkvæmdir	
	14 216 101	14 216 601	
	Málefnasvið - málaflokkur		
	23 20	24 10	
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	137.900.000	0	137.900.000
Aðrar tekjur .....	12.626.033	0	12.626.033
Seld þjónusta .....	296.286.582	0	296.286.582
Vörusala .....	2.935.309	0	2.935.309
Framlög og ýmsar tekjur .....	133.831.213	0	133.831.213
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	139.150.563	524.311	139.674.874
<b>Tekjur samtals</b>	<b>722.729.700</b>	<b>524.311</b>	<b>723.254.011</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	231.293.011	0	231.293.011
Annar rekstrarkostnaður .....	289.988.886	0	289.988.886
Afskriftir .....	139.150.563	524.311	139.674.874
<b>Gjöld samtals</b>	<b>660.432.460</b>	<b>524.311</b>	<b>660.956.771</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>	<b>62.297.240</b>	<b>0</b>	<b>62.297.240</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....	790.430	0	790.430
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	(54.298)	0	(54.298)
	736.132	0	736.132
<b>Afkoma ársins</b>	<b>63.033.372</b>	<b>0</b>	<b>63.033.372</b>
<b>Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	63.033.372		63.033.372
	63.033.372	0	63.033.372
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:</b>			
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	135.700.000	0	135.700.000
Launbætur .....	2.200.000	0	2.200.000
Fjárveiting til tekna .....	137.900.000	0	137.900.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(74.866.628)	0	(74.866.628)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs</b>	<b>63.033.372</b>	<b>0</b>	<b>63.033.372</b>
Staða fjárveitinga 2021 í lok þess árs .....	32.160.000	(48.331.433)	(16.171.433)
<b>Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	95.193.372	(48.331.433)	46.861.939
	<b>95.193.372</b>	<b>(48.331.433)</b>	<b>46.861.939</b>
<b>Fjárfestingar</b>			
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum .....	0	42.600.000	42.600.000
Fjárfesting á árinu .....	(10.429.672)	(29.139.166)	(39.568.838)
Styrkir veittir til fjárfestinga .....	0	(97.798)	(97.798)
<b>Staða fjárfestingarfjárveitingar</b>	<b>(10.429.672)</b>	<b>13.363.036</b>	<b>2.933.364</b>
Staða fjárfestinga 2021 í lok þess árs .....	119.165.312	0	119.165.312
<b>Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2022</b>	<b>108.735.640</b>	<b>13.363.036</b>	<b>122.098.676</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af lóðarleigu.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrnnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnnunartap fært í yfirlit um afkomu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggir kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.



## Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	8-10 ár og óafskrifað
Fasteignir .....	40 ár og óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Starfspáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfspáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	137.900.000	145.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	139.674.874	127.309.253
	<b>277.574.874</b>	<b>272.409.253</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	135.700.000	0	0	135.700.000
Launabætur .....	2.200.000	0	0	2.200.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>137.900.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>137.900.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(74.866.628)	0	0	(74.866.628)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>63.033.372</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>63.033.372</b>

	2022	2021
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Ýmsar þjónustutekjur .....	276.604.580	136.011.890
Veitinga- og gistipjónusta .....	19.682.002	11.205.075
	<b>296.286.582</b>	<b>147.216.965</b>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	26.159.590	18.617.880
Kostnaðarhlutdeild .....	4.905.320	4.691.830
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	12.492.000	7.400.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	270.213	0
Ýmsar tekjur .....	90.004.090	1.329.825
	<b>133.831.213</b>	<b>32.039.535</b>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	184.858.941	133.041.931
Orlof, breyting .....	1.591.545	(925.924)
Launatengd gjöld .....	42.346.762	30.095.732
Starfsmannakostnaður .....	2.495.763	1.105.496
	<b>231.293.011</b>	<b>163.317.235</b>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	21,5	9,0
------------------------------	------	-----

### 6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	348.320	176.559
Byggingarvörur, almennar .....	2.334.654	229.832
Byggingarvörur, aðrar .....	300.944	73.119
Tæki og búnaður til innréttinga .....	90.730	115.779
Ýmis tæki og áhöld .....	1.805.870	430.194
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	19.912	217.863
Orkugjafir .....	17.294.222	12.876.399
Matvæli .....	2.840.687	1.679.757
Almennar rekstrarvörur .....	9.696.169	4.614.811
Vörukaup, almenn	<b>34.731.508</b>	<b>20.414.313</b>

## Skýringar

	2022	2021
<b>6 Annar rekstrarkostnaður, framhald</b>		
Ýmsar sérgreindar vörur .....	637.718	221.325
Vörukaup, sérgreind	637.718	221.325
Fundir, námskeið, risna .....	1.206.326	345.242
Ferðir, uppihald .....	1.093.288	476.669
Akstur .....	13.901.966	9.053.473
Sérfræðiþjónusta .....	53.342.366	33.203.631
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	3.178.765	2.115.996
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	5.746.584	1.444.363
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.283.637	718.095
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	80.752.932	47.357.469
Samningsbundin kaup og leiga .....	22.310.715	0
Afnotagjöld .....	6.093.546	5.484.174
Leigugjöld .....	7.281.431	5.433.238
Notkun véla og flutningatækja .....	17.990.957	3.890.657
Verkkaup .....	105.053.587	32.836.639
Kostnaðarhlutdeild .....	309.169	234.672
Áhættutap og bætur .....	609.920	742.573
Tryggingar, lögboðnar .....	1.286.545	1.205.928
Opinber gjöld .....	7.933.245	9.038.536
Tilfærslur .....	164.976	124.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	169.034.091	58.990.417
Vörukaup .....	2.115.593	2.686.174
Birgðabreytingar, fullunnar vörur .....	2.717.044	6.891.580
Vörur til endursölu og birgðabreyting	4.832.637	9.577.754
Annar rekstrarkostnaður samtals	289.988.886	136.561.278
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	6.672.115	9.073.064
Farartæki og vélar .....	358.783	237.874
Fasteignir .....	18.632.709	18.665.690
Aðrar eignir .....	37.212.761	24.935.784
Sölutap og úreltar eignir .....	2.805.859	404.194
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	73.992.647	73.992.647
	139.674.874	127.309.253

## Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
<b>8 Óefnislegar eignir</b>		
Óefnislegar eignir .....	141.819.244	215.811.891
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2022:		<b>Hugbúnaður</b>
Stofnverð 01.01.2022 .....		369.963.238
		<u>369.963.238</u>
Niðurfært 01.01.2022 .....		154.151.347
Niðurfærsla ársins .....		73.992.647
		<u>228.143.994</u>
Staða 31.12.2022 .....		<u>141.819.244</u>

## 9 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2022	31.12.2021
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	17.087.209	20.735.443
Farartæki og vélar .....	4.505.936	264.787
Fasteignir .....	935.763.579	709.290.243
Aðrar eignir .....	253.593.413	273.814.999
	<u>1.210.950.137</u>	<u>1.004.105.472</u>
Verk í vinnslu, fasteignir.....	13.204.628	246.162.682
	<u>1.224.154.765</u>	<u>1.250.268.154</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022 .....	66.928.270	2.323.498	748.108.390	319.817.355	1.137.177.513
Viðbætur á árinu .....	5.829.740	4.599.932	245.106.045	16.991.175	272.526.892
Selt/úrelt á árinu .....	(30.128.031)	(1.950.000)	0	0	(32.078.031)
	<u>42.629.979</u>	<u>4.973.430</u>	<u>993.214.435</u>	<u>336.808.530</u>	<u>1.377.626.374</u>
Afskriftir 01.01.2022 .....	46.192.827	2.058.711	38.818.147	46.002.356	133.072.041
Afskrift ársins .....	6.672.115	358.783	18.632.709	37.212.761	62.876.368
Selt/úrelt á árinu .....	(27.322.172)	(1.950.000)	0	0	(29.272.172)
	<u>25.542.770</u>	<u>467.494</u>	<u>57.450.856</u>	<u>83.215.117</u>	<u>166.676.237</u>
Staða 31.12.2022 .....	<u>17.087.209</u>	<u>4.505.936</u>	<u>935.763.579</u>	<u>253.593.413</u>	<u>1.210.950.137</u>

## 10 Tengdir aðilar

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	93.948.130	39.721.297
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	60.155.412	71.063.300
	<u>154.103.542</u>	<u>110.784.597</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	5.656.499	1.313.036
	<u>5.656.499</u>	<u>1.313.036</u>

## Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
<b>11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður</b>		
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	0	54.845
Skattar .....	3.365.671	5.018.932
	<u>3.365.671</u>	<u>5.073.777</u>

### 12 Handbært fé

Sjóðir .....	131.406	135.065
Tékkareikningar .....	19.609.622	4.272.330
	<u>19.741.028</u>	<u>4.407.395</u>

### 13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(7.981.504)	(55.501.159)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	(8.189.929)	0
Afkoma ársins .....	63.033.372	47.519.655
Jöfnuður 31.12. ....	<u>46.861.939</u>	<u>(7.981.504)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 14 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2022	31.12.2021
Ógreitt orlof .....	16.451.818	14.860.273
	<u>16.451.818</u>	<u>14.860.273</u>

### 15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	1.365.974.009	1.466.080.045
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	122.098.676	119.165.312
	<u>1.488.072.685</u>	<u>1.585.245.357</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	1.466.080.045	119.165.312	1.585.245.357
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	42.600.000	42.600.000
Bakfærsla á styrk til fjárfestinga .....	0	(97.798)	(97.798)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	39.568.838	(39.568.838)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(139.674.874)	0	(139.674.874)
	<u>1.365.974.009</u>	<u>122.098.676</u>	<u>1.488.072.685</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 131,7 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

## Skýringar

### 16 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2023, þjónustusamninga um rekstur og hugbúnaðarkerfa til næstu ára og styrktarsamning til 2025. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 2,8 milljónum, vegna þjónustusamninga kr. 68,5 milljónum og styrkarsamnings kr. 0,3 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.